VINAKOT

Skóla- og frístundarúrræði Vinakots



HAFÐU SAMBAND

Heimilisfang: Hringhella 9a, 220 Hafnarfjörður

S: 415-0180

Tölvupóstur: adalheidur@vinakot.is

Vefsíða: Vinakot.is

VINAKOT

VINAKOT

EFNISYFIRLIT

Skólakot 3

Hugmyndafræði Skólakots 3

Kennslan í Skólakoti 4

Þemavinna 5

Íþrótta- og sundkennsla 5

Aðlögun í heimaskóla 5

Vinnukot 7

Félagsmiðstöðin Atlas 8

Starfsfólk 9

ÞJÓNUSTAN OKKAR

SKÓLAKOT

Skólakot er skólaúrræði fyrir börn og unglinga í 3.-10.bekk með fjölþættan vanda sem eiga erfitt með að fóta sig í hefðbundnu skólaumhverfi. Í Skólakoti er persónulegt og nemendamiðað nám þar sem unnið er með styrkleika og veikleika hvers og eins en markmiðið er að nemendur geti að lokum farið aftur í sinn heimaskóla, hvort sem það væri í sérúrræði eða í hefðbundna kennslustofu.

VINNUKOT

Í Vinnukoti er ungmennum gefið tækifæri á að kynnast almennu vinnuumhverfi sem tekur mið af hverjum og einum og þeirra áhugasviði. Markmiðið er að þjálfa einstaklinga fyrir hinn almenna vinnumarkað og kveikja á áhuga hjá hverjum og einum. Við bjóðum upp á fjölbreytt verkefni eins og að smíða, vinna í bílum og margt fleira en þar ættu allir að geta fundið eitthvað við hæfi.

FRÍSTUNDARKOT

Frístundarklúbburinn Atlas er starfræktur á Hringhellu 9a en hann er fyrir grunnskólabörn á höfuðborgarsvæðinu með fjölþættan vanda sem hafa meiri þjónustuþörf. Markmið okkar er margþætt og snýst meðal annars um að rjúfa félagslega einangrun og efla félagsfærniþjálfun með skipulögðu tómstundarstarfi.

VINAKOT

SKÓLAKOT

HUGMYNDAFRÆÐI SKÓLAKOTS

Skólakot starfar eftir hugmyndafræðinni ***tengslamyndandi nálgun***. Lögð er áhersla á að starfsfólk hafi þekkingu og færni til að setja hegðun í merkingarbært samhengi. Til að ná því markmiði þá sendum við starfsfólk reglulega á námskeið og fáum sérfræðinga til að koma inn með fræðslu. Innan ramma tengslamyndandi nálgunar er notast við aðferðir atferlisfræðinnar.

TENGSLAMYNDANDI NÁLGUN FELUR Í SÉR AÐ STUÐNINGSFULLTRÚAR OG KENNARAR SÝNI UMHYGGJU, HLÝJU OG SKILNING Í SAMSKIPTUM OG SNÝST UM HVERNIG ÞEIR HUGSA UM OG BREGÐAST VIÐ ÞÖRFUM NEMENDA.

Atferlismótandi kerfi

Skólakot vinnur eftir atferliskerfum með notkun *Beanfee* forritsins í spjaldtölvum og/eða símum. Beanfee er hugbúnaður til atferlisþjálfunar fyrir ungmenni og er einstaklingsmiðaður að hverjum og einum nemenda Skólakots og hefur meðal annars verið í notkun á BUGL. Kerfið gerir nemendum kleift að taka þátt í að velja sér það form umbunar sem þeim þykir eftirsóknarverð hvort sem það sé í formi afþreyingar eða efnislegra hluta.

Áður en kennsla hefst

Með leyfi forráðamanna sest atferlisfræðingur frá okkur niður með aðila sem hefur starfað með nemendanum í að minnsta kosti 1-2 ár í skólanum sem hann var í áður en kerfið er sett upp. Ef enginn hefur verið að starfa með nemendanum er sest niður með forráðarmanni hans í staðinn.

Staðlað viðtal

Atferlisráðgjafinn tekur staðlað viðtal þar sem er farið yfir helstu áhugamál nemandans, þau vandamál sem voru til staðar og hvernig kennaranum eða stuðningsfulltrúanum fannst best að taka á þeim og einnig hvað þeim fannst virka illa. Viðtalið er opið og tekur um eina klukkustund.

VINAKOT

KENNSLA Í SKÓLAKOTI

Skólakot starfar eftir aðalnámskrá grunnskóla en stuðst er við fjölbreytta og einstaklingsmiðaða kennsluhætti. Kennslan er aðlöguð að þörfum og styrkleikum nemenda og kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og taka mið af áhugasviði hvers og eins. Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvern og einn nemenda þar sem kennslumarkmið koma fram en einstaklingsnámskráin er aðlöguð færni og getu hvers nemenda en er þó í stöðugri þróun eftir því sem líður á. Í einstaklingsnámskrá er miðað við grunnþætti menntunar eins og kemur fram í aðalnámskrá grunnskólanna.

Uppbyggilegar aðferðir með jákvæðri styrkingu

Til að nemendum líði sem best í skólanum að þá byggja kennsluhættir á uppbyggilegum aðferðum og jákvæðar leiðir eru nýttar til að bæta færni nemenda eins og til dæmis hrós, umbun og hvatning. Reynt er að hvetja til sjálfstæðis hjá nemendum og þeim leyft að hafa skoðanir á ákvörðunum varðandi námsefni, þemalotur og þau viðfangsefni sem þau taka sér fyrir hendur.

Kennslutími

Kennslutími tekur mið af aðalnámskrá og reglum varðandi lágmarks kennslutíma. Dagsskipulag er einstaklingsmiðað en flestir nemendur eru að mæta milli 8 og 9 og frístundastarf að hefjast um 14 leitið.

Markmið

Markmið skólakots er að vera heildstæður skóli sem býður upp á þjónustu fyrir nemendur allan ársins hring með sama starfsfólkinu til halds og trausts. Þetta er gert til að byggja upp öryggi hjá nemendum og raska sem minnst rútínu þeirra.

ENDURGJÖF KENNARA

Eftir skóladaginn er farið yfir hvernig dagurinn gekk þar sem nemendur fá endurgjöf frá kennaranum sínum. Rætt er það jákvæða sem stóð upp úr og það sem hefði betur mátt fara. Mikilvægt er að meta árangur jafnt og þétt til að hægt sé að aðlaga kennsluna að getu og þörfum nemenda hverju sinni. Tekið er mið af markmiðum úr einstaklingsnámskrá nemenda og frammistaða metin út frá þeim. Námsmat þarf að vera fjölbreytt og geta endurspeglað færni

Hópumbunarkerfi

Skólakot er með hópumbunarkerfi fyrir nemendurnar sem var sett upp til að stuðla að betri félagslegum tengslum og samstöðu milli nemenda. Markmið og umbunir taka mið af þörfum og löngunum nemendahópsins. Með þessu er nemendum kennt hvernig þeir geta betur umgengis jafnaldra sína og unnið saman að sameiginlegu markmiði.



VINAKOT

ÞEMAVINNA

Þemalotur

Í hverjum mánuði er þemalota í skólakoti þar sem gestakennarar koma og kenna nemendum okkar eitthvað nýtt og spennandi. Dæmi um þema er meðal annars; forritun, næringarfræði, jákvæð sálfræði, útivistarnámskeið þar sem skátar koma og kenna nemendum á óbyggðirnar, fjármálalæsi, matreiðsla og margt fleira.

Við val á þema hverju sinni er tekið mið af áhugasviði nemenda og starfsmenn skólakots aðstoða nemendur við að tileinka sér fræðsluna en dagana í kring er farið í grunnþættina sem tengjast þemalotunni hverju sinni, en markmiðið er að gera þetta á skemmtilegann hátt sem nemendur hafa bæði gagn og gaman af. Unnin eru fjölbreytt verkefni í hópum sem tengjast þemalotunni en með því er í leiðinni þjálfað nemendur í að vinna saman í hóp og félagslegu tengslin styrkt.

ÍÞRÓTTA OG SUNDKENNSLA

Íþróttakennsla

Fjölbreytt íþróttakennsla er á vegum skólakots en þar fá nemendur meðal annars að kynnast CrossFit þjálfun frá CrossFit gestakennara. Íþróttakennsla fer fram bæði innan- og utandyra og er skipulögð af Íþróttakennara sem tekur mið af áhuga og færni nemenda. Reynt er að hafa íþróttakennsluna sem fjölbreyttasta og skemmtilegasta og hún er einnig nýtt til að þjálfa hópefli og félagsfærni nemenda.

Sundkennsla

Skólakot er með sundkennara á sínum vegum sem þjálfar nemendur í sundkennslu í sundlaug í Hafnarfirði. Hópurinn fer saman í sundkennslu en miðað er við aldur og færni hvers og eins nemenda. Stuðningsfulltrúar fylgja nemendum í sund og eru þeim til halds og trausts undir handleiðslu sundkennara.

VINAKOT

AÐLÖGUN Í HEIMASKÓLA

Markmið aðlögunar

Markmið Skólakots er að styrkja nemendur og gera þá tilbúna til að fara aftur í sinn heimaskóla hvort sem að það sé í sérúrræði eða í hefðbundna kennslustofu.

Einstaklingsmiðuð aðlögun með stuðning

Aðlögunin er einstaklingsmiðuð og unnið er með forráðarmönnum og félagsráðgjafa hvers nemenda til að meta hvort og hvenær sá tími er kominn sem nemandi er tilbúinn að fara aftur í heimaskólann sinn. Nemendur hafa oftast verið að byrja í verkgreinum og/eða matmálstímum og frímínútum í heimaskólanum og staðan er tekin jafnt og þétt hvort að nemandi sé reiðubúinn að vera í fleiri tímum.

Stuðningsfulltrúi frá Skólakoti fer með nemanda í heimaskólann og metið er hvort hann sé með í kennslustofunni eða sé til staðar í skólanum. Með tímanum er notað fjörun (e: fading) stuðningsfulltrúa úr skólanum og þá hafa kennarar í heimaskóla og nemandi aðgang að stuðningráðgjafanum ásamt kennara Vinakots símleiðis. Þetta á sér stað þegar að færni nemanda er komin á það stig að ekki er talin þörf á að stuðningsfulltrúi sé með honum í kennslustund og er gert í samráði við forráðarmenn og félagsráðgjafa nemanda.

VINAKOT

VINNUKOT

VINNUKOT

Hvað er Vinnukot?

Vinnukot er vinnumarkaðsúrræði ætlað ungmennum með fjölþættan vanda, Vinnukot leggur upp með að vera fræðandi, í góðum tengslum við vinnumarkaðinn og vera fýsilegur kostur fyrir þennan hóp einstaklinga sem oft þarf hjálp og stuðning við að velja sér leiðir í lífinu.

Markmið Vinnukots

Markmiðið er að gefa ungmennum tækifæri á að kynnast almennu vinnuumhverfi sem þó tekur mið af hverjum og einum með það að markmiði að þjálfa einstaklinga fyrir hinn almenna vinnumarkað. Við bjóðum upp á fjölbreytt verkefni þar sem allir geta fundið eitthvað við hæfi.
Megináhersla er að veita ungmennum stuðning og styrkja stöðu þeirra félagslega og leiðbeina í samskiptum með hinum ýmsu verkefnum sem sinnt er í formi vinnu.
Áhersla er lögð á að ungmennin finni þau verkefni sem þau hafa áhuga á og ýta undir vilja í að prófa að takast á við ný verkefni.

FRÍSTUNDARKLÚBBURINN ATLAS

Frístundarklúbburinn Atlas er fyrir grunnskólabörn á höfuðborgarsvæðinu með fjölþættan vanda sem hafa meiri þjónustuþörf. Markmið okkar er margþætt og snýst meðal annars um að rjúfa félagslega einangrun og efla félagsfærniþjálfun með skipulögðu tómstundarstarfi. Leiðarljós starfseminnar eru fagleg vinnubrögð, foreldrasamstarf og virðing fyrir einstaklingum, aðstandendum þeirra og öðru starfsfólki.

Starfið í frístundarklúbbnum

Allir fá verkefni við sitt hæfi og byggjum við starfið á fjölbreytileika. Frjálsi leikurinn og útiveran er alltaf á sínum stað þar sem við bjóðum upp á fjölbreytt viðfangsefni og ferðir á leiksvæði eða skemmtilega útivistarstaði í kringum Hafnarfjörð.

ÞEMASMIÐJUR

Boðið er uppá val á hverjum degi þar sem nemendur geta valið sér efni eða virkni við sitt hæfi og áhuga hverju sinni. Tvisvar í viku erum við síðan með þemasmiðjur þar sem börnin eru skuldbundin til þátttöku.

Markmið þemasmiðjunnar er að þjálfa börn upp í sveigjanleika og samvinnu með því að brjóta upp þeirra hefðbundnu dagskrá. Í hverri smiðju er unnið eftir ákveðnu efni þar sem þemað og viðfangsefnið er mismunandi milli smiðja. Smiðjurnar eiga að höfða til mismunandi styrkleika, áhugasviðs og færni nemenda og lögð verður áhersla á að þau kynnist betur þvert á aldurshópa. Í þessu felst mikil lífsleikni þar sem eldri kenna þeim yngri og öfugt. Nemendur geta komið með hugmyndir að þemasmiðjum og leitast er við að hafa þær áhugaverðar en í senn fræðandi fyrir nemendur.

VINAKOT

STARFSMENN

Aðalheiður Þóra Bragadóttir- Skólastjóri

Á mínum uppvaxtarárum átti ég erfitt með að fóta mig í almenna grunnskólakerfinu en hefðbundna skólakerfið hentaði mér ekki vegna míns vanda. Ég ákvað ung að vinna með börnum sem eiga erfitt með að fóta sig í almenna skólakerfinu sem og í lífinu. Fyrir utan að hafa upplifað það beint á eigin skinni að eiga erfitt með að passa inn í hefðbundna ramma skólakerfisins þá hef ég líka þurft að berjast fyrir mínum eigin börnum í skólakerfinu af mismunandi ástæðum. Það hefur því verið markmið mitt frá því ég var ung að berjast fyrir því að öll börn geti átt farsæla skólagöngu þar sem þeim líður vel. Ég hef starfað til fjölda ára, bæði hérlendis og erlendis, í grunnskólum sem þroskaþjálfi, grunnskólakennari og sérkennari. Þrátt fyrir að starfið geti verið krefjandi þá veitir það mér mikla gleði að sjá þegar börnum sem áttu erfitt með að fóta sig fer að líða vel að mæta í skólann og leyfa sínum styrkleikum að blómstra. Mér þykir mikilvægt að námið sé fjölbreytilegt, skemmtilegt og fjölþætt til þess að börnum líði vel og fái að njóta sín í eigin skinni. Það hafa öll börn sína styrkleika og er mikilvægt að virkja styrkleika þeirra í námi, leik og starfi og þá eru þeim allir vegir færir.

Ásdís Halla Einarsdóttir-Atferlisfræðingur

Áhugi minn á því að vinna með jaðarhópum byrjaði snemma á unglingsárunum. Hann leiddi mig í að hefja nám í HR þar sem ég tók BSc í sálfræði og fór eftir það í mastersnám í Hagnýtri Atferlisfræði. Í námi mínu hef ég lært mikið um mikilvægi þess að einstaklingsmiða þjónusta barna og að komast að undirliggjandi ástæðu hegðunar. Ég trúi mikið á orð Alexander Den Heijer sem eru: „Þegar að blóm blómstrar ekki þá lagar þú umhverfi blómsins, ekki blómið sjálft“ sem mér finnst eiga sterkt við um skólaumhverfi þeirra barna sem ekki er komið til móts við. Ég er nú að byrja rannsókn og mun þar rannsaka undirliggjandi ástæður barna sem vilja ekki mæta í skólann og hvernig hægt sé að bæta mætinguna í samvinnu við barnið.

Braga Stefaný Mileris - Deildarstjóri Skólakots

Ég hef brennandi áhuga á kennslu og öllu sem viðkemur kennslu á fjölbreyttum nemendahópum. Ég er með mastersgráðu í matvælafræði og er að klára kennsluréttindi í haust. Síðastliðin tvö ár hef ég verið að kenna í Háskóla Íslands en finn mig mun meira í kennslu með ungmennum og þá sérstaklega þeim sem eru með sérþarfir. Ég á sjálf barn með greiningar sem hefur rekið sig á í skólakerfinu og veit hvað gott skólaumhverfi og umhyggjusöm nálgun skiptir miklu máli. Það er nauðsynlegt að líta á styrkleika hvers og eins nemanda og vinna með þeirra áhugasvið á fjölbreyttan hátt.

Guðrún Erla Bjarnadóttir- Deildarstjóri Atlas frístundaklúbbs

Snemma kviknaði áhugi minn á starfi með börnum og ungmennum með fjölþættan vanda. Í mörg ár vann ég í dægradvöl fyrir börn með fjölþættan vanda og var ég á tímabili forstöðumaður þar. Einnig hef ég verið forstöðumaður í vinnuúrræði fyrir ungmenni með fjölþættan vanda svo ég hef góða reynslu að slíku starfi. Ég er með BSc gráðu í íþrótta- og heilsufræði ásamt diplómagráðu í einkaþjálfun. Ég spila handbolta með meistaraflokki FRAM og hafa bæði námið og hreyfivirknin reynst vel í mínu starfi.